



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

15. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn 26. maí 2020 kl. 17,45 að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Fundinn sátu stjórnin öll þau Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, einnig safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. Sumaropnun 2020. Að loknum Covid-faraldrinum samþykkir stjórn safnsins að opna safnið að nýju í samræmi við leiðbeiningar yfirvalda. Safnstjóri útskýrði fyrirkomulag opunar. Opið verður frá 30. maí til 31. ágúst kl. 11-18 og um helgar í september kl 14-17. Ljóst er að erlendir gestir munu ekki koma á safnið fram eftir sumri en markaðssetning safnsins í sumar lýtur að innlendum gestum og verið er að hanna nýtt kynningarefni.
2. Sumarsýning 2020. Safnstjóri sagði fram sumarsýningu Byggðasafns Árnesinga í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Þann 17. Júní opnar sumarsýningin **Fröken Lunn kemur í heimsókn** sem Ásgerður Júníusdóttir er sýningarstjóri að. Safnið hefur fengið styrki frá Safnaráði og Uppbyggingasjóði til uppsetningar sýningarinnar.
3. Fjárhagsleg staða safnsins. Safnstjóri lagði fram yfirlit um fjármagnsstreymi á aðalreikning safnsins fyrstu fjóra mánuði ársins.
4. Afleiðingar Covid-19 á starfsemi safnsins. Lögð var fram greinargerð safnstjóra um áhrif heimsfaraldursins Covid-19 á starfsemi safnsins. Safninu var lokað snemma og hafa engir gestir komið frá því í mars að undanskildum skólahópum sem koma í stórum hópum þessa dagana. Líklegt má telja að tekjur af aðgangseyri dragist saman milli ára og gestafjöldi verði stórum minni en undanfarin ár, gæslukostnaður verður minni. Starfsmenn safnsins hafa unnið ötullega að innra starfi eins og skráningu og umsýslu safnmuna. Starfsmenn hafa undanfarnar vikur kynnt valda safngripi á Facebook-síðu safnsins „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“.
5. Flutningar í skemmuna. Ekkert hefur heyrst frá Þjóðminjasafni Íslands varðandi mögulega uppsetningu sprinklerkerfis í þeirra hluta. Flutningar úr Mundakotsskemmu í syðri sal skemmunnar fóru fram í febrúar. Búið er að koma bátunum fyrir í tréhillum sem Grímur Jónsson hannaði og fer vel um bátana. Vegna Covid-19 hefur tafist að afhenda safninu brettahillur. Þjóðminjasafn Íslands gaf safninu lagerhillur fyrir léttari gripi. Stefnt er að því að ljúka uppsetningu og flutningi í syðri sal í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 18,30.

Árni Eiríksson  
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir  
Eggert Valur Guðmundsson  
Lýður Pálsson